



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2010**

Góðir Íslendingar

Á fyrsta degi hins nýja árs vakna í brjóstum okkar vonir um bjartari og betri tíð, að lærdómar af erfiðri reynslu styrki okkur í framtíðinni og að þjóðin beri gæfu til að varðveita samkennd sína og sóknarhug.

Við Dorrit óskum ykkur öllum gleðilegs árs, heilla og farsældar á komandi tímum; sendum sérstakar kveðjur til þeirra mörgu einstaklinga og fjölskyldna sem búa við atvinnuleysi og þröngan kost, óvissu um komandi tíma og áhyggjur af vandamönnum.

Í aðdraganda hátíðanna urðu margir að leita aðstoðar og mæðrastyrksnefndir, Fjölskylduhjálpin, Þjóðkirkjan, Rauði krossinn, Hjálpræðisherinn og ýmsir aðrir sýndu að samhjálp í reynd er áfram ríkur þáttur í þjóðarþeli. Ég færi þeim öllum einlæggar þakkir Íslendinga.

Erfiðleikar í kjölfar bankahrunsins, afleiðingar kreppunnar í fjármálum og efnahagslífi hafa skapað hér skil og lengi vel óttuðust margir um stöðu þjóðarinnar og framtíð; spáð var hrikalegum landflóttum sem helst mætti jafna við vesturferðir fyrir röskri öld þegar um fimmtungur landsmanna fluttist til Ameríku.

Í upphafi hins nýja árs getum við þó fagnað því að svartsýnisspár hafa ekki gengið eftir, að atvinnuleysi er hér minna en að meðaltali í Evrópulöndum, jafnvel í Svíþjóð og Finnlandi er atvinnuleysið meira en hjá okkur og sluppu þau lönd þó að mestu við bankakreppu.

Unga fólkið hefur áfram trú á ættjörð sinni, gerir Ísland enn að vettvangi náms og starfa. Landflótti í þeim mæli sem þjakar þjóðir í Mið- og Austur-Evrópu hefur ekki brostið á hér hjá okkur.

Í ferðum mínum um byggðir landsins á liðnu ári, heimsóknum í skóla og á vinnustaði skynjaði ég víða sóknarhug, einbeittan vilja til að láta ekki áföll og mótlæti buga sig. Hinir eldri sem mundu tímuna tvenna

vitnuðu oft til fyrri áratuga þegar þjóðin glímdi við þungar þrautir en bar samt sigur úr bítum.

Við vitum nú að margar atvinnugreinar reyndust öflugri en menn þorðu að vona og traustar undirstöður mynda á nýju ári grundvöll að hóflegri bjartsýni.

Sjávarútvegur, orkuframleiðsla, ferðaþjónusta, iðnaður, upplýsingatækni, matvælavinnsla, menning, listir og fleiri greinar hafa áfram aflað okkur gjaldeyris, dregið úr höggi bankahrunsins, fært fjölmörgum vinnu sem leituðu hennar.

Við setningu Alþingis í haust hét ég á þingheim og þjóðina að sameinast í því verki að endurreisn efnahagslífsins yrði komin á skrið um miðbik hins nýja árs. Þau orð voru hvatning, eins konar herhvöt. Og nú felur raunhæft mat í sér að endurreisnin er í auglýsni. Við getum gert hið nýja ár að upphafi þáttaskila. En þá þurfum við öll að leggjast á árar.

Það hjálpar okkur í þessum efnum að umheimurinn er smátt og smátt að rétta úr kútnum, að kraftur hagkerfa í Indlandi og Kína hefur ásamt aðgerðum stjórnvalda í Bandaríkjunum og Evrópu dregið úr eyðingarmætti kreppunnar. Hjólin eru víða farin að snúast og það auðveldar okkur að ná aftur fyrri styrk.

Við þurfum að einhenda okkur í uppbygginguna, forðast eftir föngum eintóna og neikvæða umræðu, sundurlyndisfjandann sem svo er oft nefndur, en varðveita um leið lærdómana af mistökunum og hafa þá að leiðarljósi.

Það felst mikill styrkur í samstöðunni sem er að myndast um nýja gerð samfélagsins, mótaða af gildunum sem hinn einstæði þjóðfundur setti á oddinn, heiðarleika, réttlæti, lýðræði, ábyrgð og gagnkvæmu trausti.

Einnig er áriðandi að framfylgja af einurð ákvörðunum sem teknar voru um Rannsóknarnefnd Alþingis og sérstaka saksóknara, trúnaðarmenn sem tryggja eiga að réttlætinu verði fullnægt. Slíkt er forsenda þess að sættir ríki með þjóðinni á komandi árum.

Það mun taka sinn tíma að ráða öllum sakamálum til lykta því gangvirki réttaríkisins krefst þess að vandað sé til verka, dómur á endanum vel ígrundaðir, réttlátir og ótvíræðir. Vera má að Eva Joly hafi rétt að mæla þegar hún spáði á haustmánuðum að fimm ár kynnu að líða þar til næðust málalyktir.

Þá er brynt að slík bið drepi hvorki sóknarkraft í dróma né sundri samstöðunni um að hefja endurreisn, nýta tækifærin sem blasa við í hverju horni.

Við erum betur í stakk búin en flestar þjóðir sem nú takast á við erfiðleika því Ísland býr blessunarlega að ríkulegum auðlindum.

Við erum í fremstu röð ríkja heims í nýtingu hreinnar orku, jarðvarma og vatnsafls. Veröldin kallar á árangur hliðstæðan þeim sem hér hefur náðst á undanförunum áratugum. Boðskapurinn frá loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn er að orkubylting og margvísleg landgræðsla verða dagskipun komandi tíma. Íslenskar rannsóknir, reynsla og þekking verða þá öðrum enn verðmætari.

Við höfum einnig borið gæfu til að standa vörð um auðlindir sjávar þegar sjálfbærar fiskveiðar eru knýjandi nauðsyn en þó hjá flestum þjóðum töpuð glíma.

Við búum í fögru landi þar sem margbreytileiki náttúrunnar, víðáttan og litadýrðin heilla milljónirnar sem á sérhverjum áratug heimsækja okkur.

Við njótum þess þegar heimsbyggðin óttast vaxandi vatnsskort að eiga eitt stærsta forðabúr af fersku vatni sem finna má í Evrópu; auðlind sem verður sífellt verðmætari.

Við sækjum innblástur og sköpunarkraft í litríka sögu og menningu, mótaða af fornum arfi og fjölbreyttum listum á okkar tíð. Við eigum auðugt tungumál, óslitinn þráð frá meisturum og fræðapulum fyrstu alda Íslandsbyggðar.

Við höfum eflt háskóla, fræðasetur, rannsóknir í mörgum greinum; eigum öflugra sveit vísindamanna sem virtir eru um víða veröld; metnaðarfulla unga kynslóð sem sótt hefur þekkingu beggja vegna Atlantsála.

Allt skapar þetta viðspyrnu á komandi árum, leggur grunn að endurreisn sem hér getur fyrir skilað árangri en í ýmsum löndum öðrum sem einnig hafa lent í erfiðleikum.

En þá þurfum við líka að byggja efnahagskerfið og þjóðlífið á hófsemi og fyrirhyggju, setja græðgina í skammarkrök sögunnar og miða framfarir við raunveruleg verðmæti; láta ekki sýndargróða glepja okkur sýn.

Það er gleðilegt að hin gömlu gildi lifa enn góðu lífi. Niðurstæða þjóðfundarins, fólksins sem þar kom saman úr öllum áttum, var að setja í öndvegi markmið sem kallast á við kjörorð kynslóðanna sem færðu

Íslandi sjálfstæði og lögðu grunn að velferðinni sem skilaði okkur í fremstu röð.

Lýðræði er einmitt sú skipan sem Íslendingar kusu sér. Í fyrstu skilgreint nokkuð þröngt en síðan sífellt víðtækara. Nú er vaxandi stuðningur við að auka veg hins beina lýðræðis, að fólkið fái sjálft að ráða í ríkara mæli.

Þá er rétt að hafa í huga að vilji þjóðarinnar er einmitt hornsteinninn sem stjórnskipan lýðveldisins hvílir á. Breytingarnar sem gerðar voru á stjórnarskránni 1944 og rúmlega 90% landsmanna samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu kveða á um að valdið sem áður var hjá Alþingi og konungi er fært þjóðinni. Forseta hins unga lýðveldis svo falið að tryggja þann rétt þótt ætíð verði að meta aðstæður og afleiðingar ákvarðana.

Stjórnarskráin hefur í heild sinni dugað vel en engu að síður er brýnt að færa margt til betri vegar, hrinda í framkvæmd umbótum á ýmsum sviðum, koma í veg fyrir að geðþótti valdhafa nái í framtíðinni að veikja stofnanir sem ætlað er að hafa eftirlit og tryggja réttlæti.

Það er líklega einn veikasti hlekkur íslenskrar stjórnskipunar að sjálfstæði dómstólanna, Hæstaréttar og héraðsdóma, er ekki tryggt í stjórnarskrá. Ráðherrar hafa í áratugi ákveðið einir hverjir verða dómáramur og stjórnendur á sviði löggæslu og réttarfars án þess að óháð, faglegt og opinbert hæfnismat færi fram. Það vita allir sem söguna þekkja að oft hefur hollustan við flokk ráðherrans verið mælikvarðinn sem mestu skipti; iðulega við hann stuðst nær alla tuttugustu öldina við val á sýslumönnum.

Stjórnkerfið, ráðuneyti og eftirlitsstofnanir, hafa líka liðið fyrir hið flokkslega mat við ráðningar og slík meinsemd veikti getu stofnana til að veita aðhald. Flokksskírteinið var í mörgum tilvikum mikilvægara en fagleg hæfni; vinátta eða vensl við ráðherra riðu baggamuninn. Þeirri skyldu að bera sannleikanum ávallt vitni í áheyrn valdhafanna var iðulega vikið til hliðar.

Þessi brotalöm í stjórnkerfi landsins er ekki ný af nálinni. Hún hefur fylgt okkur frá fyrstu árum Heimastjórnar; verið samofin stjórnmálabaráttu alls lýðveldistímans.

Meðan veröldin var fábrotinari og samskipti Íslands við umheiminn einföld í sniðum má kannski segja að þetta flokksvædda stjórnkerfi hafi dugað til heimabruks en á tímum alþjóðavæðingar, opinna og margþættra tengsla við flestar þjóðir er það hættuspil; átti tvímælalaust þátt í því hve illa fór. Þær stofnanir sem áttu að veita faglega og óháða ráðgjöf reyndust of veikar þegar mest á reið.

Styrking stjórnkerfis og ótvírætt sjálfstæði dómstóla og stofnana á vettvangi réttarfars og eftirlits eru forgangsmál við endurreisn Íslands.

Breytingarnar þurfa að taka mið af því sem best gerist meðal vestrænna lýðræðisríkja. Menntun, reynsla og fagleg hæfni eiga að vera leiðarljós við val í trúnaðarstöður; sérhver á að geta sagt sína skoðun, tekið afstöðu í erfiðum málum án þess að óttast geðþóttavald ráðamanna. Fámenn þjóð hefur ekki efni á að vísa sínum hæfustu mönnum á bug, sólunda mannauði með slíkum hætti.

Grundvallarbreyting á stjórnsýslu og réttarfari frá flokksræði til faglegs sjálfstæðis er lykillinn að farsælli framtíð, forsenda þess að nýjum áföllum verði afstýrt.

Þessi þáttaskil verða ekki knúin fram með lögum einum. Þau krefjast líka, og kannski enn frekar, breytinga á hugarfari, fela í sér siðvæðingu stjórnmalanna, að ríkur vilji sé til að leggja af með öllu þá ósiði sem hér hafa tíðkast í áratugi.

Þegar fræðileg umfjöllun um kosti og galla stjórnkerfanna efldist á síðustu öld varð fljótlega ljóst að kerfisþættir sem kallaðir voru einu nafni stjórnmalaleg siðmenning voru iðulega áhrifaríkari um gæði stjórnarfarsins en ákvæði í stjórnarskrá.

Þá þætti þurfum við að gera okkar, skilja að siðvæðingin í stjórnkerfi landsins er jafn brýn, ef ekki brýnni, en breytingar á stjórnarskrá þótt þar megi líka færa margt til betri vegar.

Sú siðvæðing er á engan hátt einföld en hún verður auðveldari ef ríkur þjóðarvilji býr að baki.

Við getum í þessum efnum lært margt af öðrum þjóðum og nýtt okkur þá vinsemd sem víða er að finna í okkar garð. Bankahrúnið kveikti umfjöllun sem okkur fannst þungbær, en ánægjulegt hefur verið að skynja í samræðum mínum við þjóðarleiðtoga, áhrifafólk, sérfræðinga og vísindamenn víða um heim að Ísland nýtur enn álits í veröldinni, að árangur okkar á mörgum sviðum er mikils metinn.

Við höfum þróað lýðræði og mannréttindi, skapað samfélag sem ber einkenni velferðar og jöfnuðar, menntunar og heilbrigðis, eftl nýtingu hreinnar orku, vísindi og rannsóknir sem auka þekkingu heimsins á loftslagsmálum, bráðnun jökla, hafstraumum, landgræðslu og náttúrunni.

Við erum þátttakendur í menningarsköpun nýrra tíma; eigum á fjölmörgum sviðum frábæra listamenn sem auðga tilveruna og bera hróðurinn víða.

Við búum við friðsæld og öryggi þegar æ fleiri glíma við ógnir og hættur.

Já, þrátt fyrir áföll og erfiðleika er það gæfa okkar, góðir Íslendingar, að byggja fagurt land, fullt af fyrirheitum.